

Nr. 16/1899:

Björn Kristjánsson
fyrir hönd P. W. Rumohr
gegn
Péttri M. Bjarnarsyni.

D ó m u r:

Með sætt, gjörðri fyrir gestarétti Ísafjarðar-kaupstaðar 8. nóv. 1897 milli áfrýjandans Björns Kristjánssonar kaupmanns í Reykjavík fyrir hönd P. W. Rumohr í Altona og stefnda Péturs kaupmanns Bjarnarsonar á Ísafirði, viðurkendi stefndi að hann skuldaði nefndum P. W. Rumohr 12899 kr. 41 e. og skuldbatt sig til að greiða af skuldinni 6450 kr. 44 a. með ávísunum, er borgaðar skyldu vera að fullu fyrir 1. marz 1898, en 4448 kr. 97 a. lofði hann að hafa greitt áfrýjandanum fyrir hönd P. W. Rumohr fyrir 1. júlí 1898, og skyldi áfrýjandinn hafa heimild til að taka upphæð þessa (4448 kr. 97 a.), það er til ynnist, af andvirði fyrir við, er stefndi átti hjá áfrýjanda, jafnóðum og viðurinn seldist. Segir síðan í sættinni, að ef greiðsla á nokkurri af ofangreindum afborgunum eða ávísunum drægist fram yfir tiltekinn tíma, skyldi öll skuldin, 12899 kr. 41 e., eða það sem þá stæði eftir af henni, fallið til útborgunar, og mætti þá á venjulegan hátt gjöra fjárnám fyrir skuldinni eftir sættinni, í eigum stefnda. En ef ávísanirnar yrðu borgaðar á vissum gjalddaga og ofangreindar 4448 kr. 97 a. yrðu komnar inn til Björns Kristjánssonar (áfrýjanda) annaðhvort af andvirði ofanumgetins víðar eða á

annan hátt fyrir 1. júlí 1898, skuldbatt áfrýjandi umbjóðanda sinn P. W. Rumohr til að gefa stefnda upp 2000 krónur af skuldinni, 3: láta sér nægja upp í skuldina þær 10899 kr. 41., er þá væru borgaðar af henni.

Samkvæmt reikningi áfrýjanda dags. 23. nóv. f. á. hafði stefndi þá að eins greitt upp í skuldina 10694 kr. 85 a., og þar sem þannig vantaði 204 kr. 56 a. til þess að hann hefði fullnægt ofangreindum borgunarskilmálum, áleit áfrýjandi, að hann hefði rofið sættina og fyrirgjört afslætti af skuldinni samkvæmt henni, og sendi hann því mann til Ísafjarðar, sem samkvæmt umboði frá honum krafðist þar fjáruáms hjá stefnda fyrir því, er eftir stóð af allri skuldinni til P. W. Rumohr, en það var eftir þessu 2204 kr. 56 a., en þessari kröfu hans var hrundið af fógetarétti Ísafjarðar-kaupstaðar með úrskurði uppkveðnum 15. febr. þ. á., er ákvað að fjárnámið skyldi ekki fram fara.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. maí þ. á., og hefir hann krafist þess hér fyrir réttinum, að fógeta-
réttarúrskurðurinn verði úr gildi feldur og fógeta-
inn skyldaður til að framkvæma hina umbednu
fjárnámsgjörð, og að stefndi verði dæmdur til að
greiða málskostnað að skaðlausu eða með einhverju
eftir réttarins mati nægilegu. Af hálfu stefnda
hefir þess aftur á móti verið krafist, fyrst og
fremst, að málinu verði frávísað frá yfirdómi, sök-
um þess, að hinum setta fógeta, er úrskurðinn
feldi, hafi eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn, og að

áfrýjandi verði þá dæmdur til greiða hæfilega upphæð í kost og tæring, en til vara, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað.

Hvað frávísunarkröfuna áhrærir, er það að vísu rétt, að fógetaréttargjörðirnar bera eigi annað með sér en að maður sá, er gegndi fógetaströfum í Ísafjarðarkaupstað og kvað upp hinn áfrýjanda úrskurð, gegndi ströfum þessum í eigin nafni og á eigin ábyrgð, þar sem og fógetaströfirnar eru gefnar út í hans nafni; en það er upplýst af áfrýjanda og á annan hátt kunnugt réttinum, að maður þessi gegndi að eins í fjarveru hins reglulega fógeta í hans nafni og á hans ábyrgð; og þar sem hinum reglulega fógeta hefir verið löglega stefnt, verður því frávísunarkrafan eigi tekin til greina.

Það er enginn ágreiningur um það, að greiðst hafi í tæka tíð samkvæmt sættinni 8. nóv. 1897 ávísunarupphæðir þær, samtals 6450 kr. 44 a., er borgaðar áttu að vera innan 1. marz 1898. Deil-
an er að eins um það, hvort stefndi hafi einnig fullnægt sættinni að því er snertir þær 4448 kr. 97 a., er innkomnar áttu að vera til áfrýjandans Björns Kristjánssonar fyrir 1. júlí 1898 annaðhvort af andvirði viðar þess, er hann hafði söluumboð á fyrir stefnda, eða á annan hátt, en undir þessu var komið það, hvort stefndi átti heimtingu á eftirgjöf þeirri á 2000 kr. af skuldinni, er um ræðir í sættinni.

Samkvæmt reikningi yfir viðarsöluna, er áfrýjandi sendi stefnda 4. júlí 1898 eða nokkrum

dögum eftir að nefndar 4448 kr. 97 a. áttu að vera innkomnar til áfrýjanda, hafði hann þá smátt og smátt fengið upp í skuldina af andvirdi viðarins að sölukostnaði frádragnum 4244 kr. 41 e., og með því að stefndi hafði ekkert borgað sjálfur upp í þennan lið skuldarinnar, vantaði þannig eftir þessum reikningi áfrýjanda 204 kr. 56 a. til þess, að stefndi hefði staðið í skilum samkvæmt sættinni. Við þennan reikning áfrýjanda gjörði stefndi engar athugasemdir og skrifaði honum þó aftur 10. s. m., og ekki greiddi hann þá heldur þær 204 kr. 56 a., er eftir stóðu af skuldinni. Og þó að áfrýjandi minti hann á eftirstöðvarnar í bréfi 13. s. m. og benti honum á, að hann ætti á hættu, að Rumohr ekki vildi láta sér nægja lægri borgunina, eftir sættinni, þá varð það árangurslaust; stefndi borgaði eigi að heldur. Það var fyrst fyrir fógetaréttinum, er krafa áfrýjanda um fjárnám samkvæmt sættinni 8. nóv. 1897 fyrir eftirstöðvum skuldarinnar óskertrar, 2204 kr. 56 a., var til meðferðar þar, í febrúarmánuði þ. á., að stefndi kom fram með útásetningar sínar við viðarsölu-reikning áfrýjanda, og hélt hann því þá fram, eins og hann einnig hefir gjört hér fyrir réttinum, að viðarsölureikningur áfrýjanda 4. júlí 1898 væri rangur að því leyti, að áfrýjandi hefði heimildarlaust tekið af andvirdi viðarins, er inn var komið til hans samkvæmt reikningnum, sölulaun 504 kr. 81 e., sem auk þess væru of hátt reiknuð, og fyrir húsaleigu 250 kr., og svo hefði hann og leyfislaust lánað út af viðnum fyrir 456 kr. 68 a., en

hann hefði eigi mátt selja viðinn nema gegn peningum út í hönd. Kveðst stefndi því í raun og veru hafa átt hjá áfrýjanda 1. júlí 1898 töluvert meira, umfram það er talið sé í viðarsölureikningnum, en 204 kr. 56 a., og hafi því öll upphæðin 4448 kr. 97 a. verið innkomin til áfrýjanda á áskildum tíma eftir sættinni, og skuldinni til Rumohr því lokið. Viðvíkjandi þessum mótbárum stefnda skal það tekið fram, að með andvirði viðarins, er áfrýjanda var í sættinni 8. nóv. 1897 heimilað að taka upp í skuldina til Rumohr, gat auðvitað að eins verið átt við andvirði viðarins að *sölu kostnaði frádrægnum*, en til hans teljast bæði sölulaun og húsaleiga, og með því að stefndi hefir engin rök fært fyrir því, að þessir liðir séu ofreiknaðir af áfrýjanda, verða mótmæli hans gegn þeim eigi tekin til greina. Áfrýjandi hefir einnig tekið það fram viðvíkjandi fyrnefndum 456 kr. 68 a., að stefndi hafi eigi, er hann fól honum viðarsöluna, sem var löngu fyr en sættin 8. nóv. 1897 var gjörð, tekið neitt fram um það, að eigi mætti lána út af honum, enda væri það venja allra tímursala, að lána, ef svo ber undir, áreiðanlegum kaupendum, og myndi afleiðingin, ef hann eigi hefði gjört það, að eins hafa orðið sú, að enn minna hefði selst af viðnum, sem hefði verið fremur óhentugur og dýrari en annarsstaðar, og þar af leiðandi enn þá minna komið inn upp í skuldina. Þessi skýrsla áfrýjanda verður að takast trúanleg, þar sem stefndi hefir eigi fært neinar sönnur á það, að hann hafi bannað útlán á viðnum, er hann gaf

áfrýjanda söluumboðið. Þar sem loks stefndi hefir fært sér til varnar, að áfrýjandi hafi vanrækt að láta sig vita í tíma, að ekki seldist nægilegt upp í skuldina, þá er þar við að athuga, að þótt álitid væri, að áfrýjanda hefði borið að gjöra stefnda slíka viðvörðun, sérstaklega með tilliti til þess, að áfrýjandinn í bréfi 22. febr. 1898 hafði lýst sig hafa »beztu vonir« um, að nægilegt seldist af viðnum upp í skuldina og brýnt fyrir stefnda, að ljúka því hinum afborgununum samkvæmt sættinni — þá gat auðvitað slík forsómun áfrýjanda sem viðarsöluumboðsmanns stefnda eigi haft áhrif á rétt Ramohr samkvæmt sættinni, enda fór heldur eigi nærri því, að stefndi borgaði þegar er hann fékk vitneskjuna um greiðsluskortinn 4. júlí 1898, þar sem eftir það liðu 7 mánuðir, áður fjárnámið var reynt, svo, að stefndi greiddi eigi það, er á vantadi, til áfrýjanda eða bauð það fram.

Það verður samkvæmt framanrituðu að álíta sannað, að stefndi hafi eigi staðið í skilum með skuldargreiðsluna samkvæmt sættinni 8. nóv. 1897 og að krafa sú, að upphæð 2204 kr. 56 a., er áfrýjandi krafðist fjárnáms fyrir, hafi því verið réttmæt. Það ber því að fella hinn áfrýjanda fógetaréttarúrskurð úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hina umbeðnu fjárnámsgjörð. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda í málskostnað 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi fógetaréttarúrskurður er úr

gildi feldur og ber fógétanum að framkvæma hina umbednu fjárnámsgjörð. Stefndi kaupmaður Pétur M. Bjarnarson greiði áfrýjand-
 anum kaupmanni Birni Kristjánsyni fyrir hönd P. W. Rumohr í málskostnað 50 krón-
 ur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.